

## **Greinargerð fyrir lokaverkefni**

Ég hef velt lokaverkefninu töluvert fyrir mér og það er margt sem mig langar að taka fyrir. Sumt krefst mikillar vinnu við efnisöflun og ég er ekki viss um að ég hafi tíma í það núna. Þau verk mun ég þó vinna í framtíðinni og ein af ástæðunum fyrir því að ég fór í þetta nám var að ég vildi kunna að gera rafbækur og gefa sjálf út efni sem mig langar að skrifa.

Það efni sem ég sé að ég get unnið á þeim tíma sem gefinn er til lokaverkefnis er bókarkorn um formæður mínar: Mömmu, ömmu og formæður þeirra. Kveikjan að því verki var að ég heiti nafni móðurömmu minnar og hún var dáiin þegar ég fæddist. Mamma mín var lítil stelpa þegar hún dó svo hún átti heldur ekki margar minningar um hana. Sigfús móðurafi minn talaði þó mikið um þessa konu við mömmu og þaðan komu flestar minningar hennar um mömmu sína. Afi orti líka ljóð til ömmu og í gegnum þau hefur mér fundist ég aðeins ná til hennar. Mig langar því að safna saman þeim upplýsingum sem ég hef um þessa konu, hvaðan hún kom og hvað hlýtur að hafa mótað hana.

Annað sem hefur ýtt undir að ég hef verið að hugsa um þetta verk núna, er að á síðustu árum hafa tvær konur haft samband við mig, önnur er fædd og uppalin í Noregi og hin í Kanada og þær eru báðar tengdar mér í gegnum ætt móðurömmu minnar. Mig langar því að fjalla aðeins um það hvað tengir okkur allar þrjár saman.

## **Nafn á verkinu**

Nafnið á verkinu er ekki fullmótað, en ég hef verið að hugleiða kosti eins og:

- Sigurlaug
- Amma
- Formæður mínar
- Frænkur í þremur löndum

En ég er ekki komin að niðurstöðu ennþá. Kannski breytist áherslan í vinnuferlinu og þá mun nafnið breytast.

## **Markhópur**

Bókin verður fyrst og fremst skrifuð fyrir mig og börnin mín. Einnig fyrir niðja ömmu og nánustu skyldmenni líka. Já og fyrir frænkur mínar tvær, þó hvorug þeirra geti lesið íslensku.

## **Lýsing á innihaldi**

Í bókinni verður fjallað um Sigurlaugu móðurömmu mína. Sagt verður frá ætt hennar og uppruna. Hverra manna hún var og hvaðan það fólk kkom. Einnig verður gerð

grein fyrir manni hennar, systkinum og börnum. Í fljótu bragði má hugsa sér eftirtalda kafla:

- Inngangur þar sem fram kemur hvers vegna ég skrifa verkið
- Móðurfjölskylda Sigurlaugar ömmu
- Föðurfjölskylda Sigurlaugar ömmu
- Systkini Sigurlaugar ömmu
- Sigfús afi
- Börn Sigurlaugar og Sigfúsar
- Nöfnur Sigurlaugar í hópi afkomenda hennar
- Frænkur í Noregi og Kanada sem leitað hafa uppruna síns á Íslandi

Miðað við þessa kaflaskiptingu má gera ráð fyrir að verkið verði um 20 blaðsíður.

## **Myndir og texti**

Myndir verða mest megnis teknar úr fjölskyldualbúminu. Einnig mun ég mynda nokkra hluti sem Sigurlaug amma átti og eru í minni eigu núna. Erfitt verður um vik að mynda heimahaga hennar á þessum árstíma þar sem hún var fædd og uppalin á Tjörnesi. Textann mun ég skrifa en byggja á heimildum hvar sem þær er að finna.

## **Lokaorð**

Meginmarkmiðið með þessu verkefni verður að kynna Sigurlaugu ömmu. Reynt verður að beina sjónum að sögum af fólki, en ekki eingöngu að nöfnum þess og ættartengslum. Annað markmið með verkinu verður að læra að búa til rafbók og nýta þekkingu sem ég hef aflað mér í vetur í lita- og formfræði, ljósmyndun, myndbyggingu og í leturfræði.

Reykjavík 22. febrúar 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir